



Skipulagsleikir heimsfaraldurs - undirbúningur nýs tímabils?



Í fyrirlestri sínum fer þýski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Paul Schreyer yfir þróun hryðjuverka frá 1990 til 2020. Hann útskýrir hvernig núverandi kórónu krísa sé ekki tilkomin fyrir tilviljun heldur sé afsprengi langs undirbúnings. Rásmerkið fyrir hnattrænan vöxt hryðjuverka var 11.9. 2001 (9/11), sem síðan var yfirlýst sem „Baráttan gegn hryðjuverkum“ og stöðugt knúin áfram allt til núverandi alheims kórónakrísu.

Paul Schreyer er rithöfundur og blaðamaður sem skrifar gagnrýnar fræðibækur um pólitísk efni. Í fyrirlestri sínum „**Skipulagsleikir heimsfaraldurs - undirbúningur nýs tímabils?**“ spannar hann tímabilið frá 1990, undir lok kalda stríðsins, til núverandi kórónu krísu. Hann útskýrir að þessi krísa sé ekki tilviljun heldur komi í kjölfar langs skipulags. Bandaríkin hefðu allar götur frá 1990 framkvæmt einstakar aðgerðir og æfingar sem undirbyggðu rásmerki fyrir eina hnattræna hryðjuverkastjórn.

Sú hófst árið 2001 með 11. september (9/11) þar sem lýst var yfir upphafi „Baráttunnar gegn hryðjuverkum.“ Schreyer sýnir þræðina sem leiða að þessu og þar með þróun og framkvæmd þessara áætlana allt til nútímans: þessa alheimskórónafaraldurs. Hlustið nú á hinn mjög fróðlega fyrirlestur Paul Schreyers.

<https://wissen-ist-relevant.de> og einhver youtube-slóð sem þarf að finna ATH
Myndband Paul Schreyer

Skipulagsleikir heimsfaraldurs- undirbúningur nýs tímabils?

Já, góðan daginn. Ég heiti Paul Schreyer. Ég er óháður blaðamaður, rithöfundur og meðútgefandi tímaritsins „Multipolar“ og í dag langar mig að fjalla um efni í brennidepli, kórónafaraldurinn. Yfirskrift fyrirlestursins er: “Skipulagsleikir heimsfaraldurs- undirbúningur nýs tímabils?” Ég vil hins vegar ekki tala um núverandi ástand, um núverandi kórónukrísu, heldur um undanfarann að henni. Og þar hefur margt áhugavert gerst. Lykilorð: Skipulagsleikir heimsfaraldurs. Kringumstæðurnar sem við upplifum um þessar mundir, þ.e.a.s. óttinn við veiruna og allar þar tilheyrandi frelsisskerðingar: nákvæmlega þetta ástand hefur verið æft mjög oft og mjög markvisst í ýmsum skipulagsleikjum undanfarin ár. Nú eru þetta ekki einhverjar vangaveltur, þetta er vel staðfest, þetta er vel skjalfest og í dag langar mig að leggja fram nokkur slík sönnunargögn.

Já, seinni hluti titilsins: Undirbúningur fyrir nýtt skeið? Margir hafa það á tilfinningunni að nú með þessari kreppu hefjist nýtt skeið, nýtt tímabil og að það sé ekki gott tímabil. Tímabil þar sem lýðræði okkar sé afnumið, þar sem við frelsi okkar sé skert, það skaðað og eyðilagt. Með þessum fyrirlestri langar mig að leggja mitt að mörkum og hjálpa til við að víkka kannski út sýn ykkar eitthvað og auka aðeins við sögulegu sjónarhorni.

Ég ætla að segja nokkur orð um efnið sem ég tek fyrir í dag. Ég byrja í raun í baráttunni gegn hryðjuverkum þegar á 9. áratugnum, kynni síðan ýmsa skipulagsleiki og kem svo að „Lock Step“ sviðsmyndinni, mjög áhugaverðri sviðsmynd frá 2010. Þá mun ég aftur kynna nokkra nýlegri skipulagsleiki sem áttu sér stað á forsetatíð Trumps og kem síðan að síðasta stiginu - hvað gerðist í kauphöllunum í september 2019. Frá mínum sjónarhóli séð er þetta mjög áhugaverður punktur, mjög mikilvægt atriði sem ég hef ekki í bókinni sem ég hef skrifaði um þetta efni. Fyrir þau ykkar sem þegar hafa lesið bókina mína gæti þessi punktur bætt upplýsingum við það sem þið hafið þegar.

Nýtt tímabil hefst! Hvaða tímabili er lokið, hvaða tímabil sjáum við að baki? Þetta er auðvitað tímabil „kalda stríðsins“ sem lauk í raun árið 1990. Hvers konar tímabil var það? Til upprifjunar í stuttu máli: Það var auðvitað árekstur tveggja stórra valdapóla. Sovétríkin annars vegar og Bandaríkin hins vegar eða almennt séð Vesturlönd annars vegar og Austurblokkinn stóðu gegnt hvort öðru. Bæði voru mjög vígvædd kjarnavopnum og hótuðu hvort öðru algjörri tortímingu. Það var ástand heimsins frá 1945 til 1990. Ástand sem einkenndist af miklum ótta, mikilli óvissu, miklum áhyggjum.

Margir voru hræddir um að kjarnorkustríð gæti brotist út - það var mjög raunverulegt. Mannkynið var nokkrum sinnum nálægt kjarnorkustríði, árið 1962 í Kúbudeilunni. Á áttunda áratugnum var líka önnur mjög varasöm staða þar sem aðeins var hægt að koma í veg fyrir slíkt kjarnorkustríð með einstakri heppni eða þar sem fyrir heppni braust ekki út. Svona getur maður séð þetta í dag. Svo að í öllum aðalatriðum og í stærra sögulegu samhengi, þá var þetta mjög klikkaður tími þetta „kalda stríð“. Ógnin gríðarleg og mjög tilvistarleg!

Þessu tímabili lauk árið 1990, táknrænt með falli Berlínarmúrsins. Allur heimurinn andaði léttara. Sovétríkin liðuðust í sundur. Þá var Glasnost og Perestroika. Þetta byrjaði allt á níunda áratugnum, á seinni hluta níunda áratugarins að umbæturnar hófust í austurblokkinni, íbúar þar fengu meira frelsi. Og þessi tilfinning aukins frelsis, þessi tilfinning léttis, að óttinn muni hætta, að þrýstingur verði fjarlægður frá fólki, það hefur í grundvallaratriðum verið viðhorf til lífsins síðan 1990 á alþjóðavettvangi. Auðvitað ekki alls staðar í heiminum en víða, sérstaklega í austurblokkinni en einnig í heiminum öllum, maður getur orðað það þannig. En þessi tími hefur ekki valdið öllum gleði. Það voru líka hópar, áhrifamiklir hópar sem voru ósáttir með þetta. Til dæmis herinn og allt sem lýtur að varnarmálum, því að fyrir þá skorti allt í einu óvininn. Það var enginn óvinur lengur.

Sovétríkin voru að liðast í sundur og hvernig gat einhver réttlætt áframhald svona mikilla hernaðarútgjalda? Hér á myndinni er bandarískt flugmóðurskip. Menn geta sagt að þetta sé fullkomið tákn fyrir öryggisríkið, fyrir hernaðarbatterið, fyrir valdbeitingu um allan heim. Vopnakerfi beitir maður jú til að beita valdi um allan heim. Hvernig var hægt að réttlætt þetta héðan í frá?

Ég fann ágæta tilvitnun frá þessum tíma, frá 1991 eftir Colin Powell sem þá var æðsti maður Bandaríkjahers og þar með einnig æðsti hernaðarráðgjafi forsetans. Seinna varð hann utanríkisráðherra. Og hann sagði alvarlega í blaðaviðtali árið 1991 með svolítið kaldhæðnum undirtóni: „Djöflunum fer fækkandi, ég er að verða búinn með skúrkana, ég á bara eftir Castro og Kim Il Sung.“

Þá var Castro forseti Kúbu og Kim Il Sung forseti Norður-Kóreu. Sumsé þessi örfáu kommúnistaríki sem eftir voru í heiminum en gætu auðvitað ekki talist alvarlegir óvinir Bandaríkjanna. Til þess voru löndin voru allt of ómerkileg og hernaðarlega allt of veikburða.

Svo hvernig gætu Bandaríkjamenn sagt í alvöru að þeir þyrftu öflugan her eftir 1990? Hvernig ættu þeir að gera þetta?

Og það var einmitt í þessu samhengi, einmitt í þessari hugleiðingu sem baráttan gegn hryðjuverkum hófst á tíunda áratugnum.

Það urðu raunverulega þáttaskil sem einnig eru táknrænt séð persónugerð í embættisskiptum Bush forseta eldri, til Clintons forseta. Bush – á mynd til vinstri - er enn fulltrúi kalda stríðsins, alvöru kaldur stríðsmaður sem var yfirmaður CIA á áttunda áratugnum - og þessi umskipti frá Bush til Clinton sköpuðu mikla von.

Svo að Clinton var vonarneistinn. Hann var ekki talinn neinn fálki, alls ekki. Hann þótti nútímalegur heimsborgari. Hann var settur í embætti í janúar 1993 og örfáum vikum síðar var mjög stór hryðjuverkaárás á World Trade Center. Á þeim tíma stóðu jú tvíburaturnarnir enn. Þetta er tíminn fyrir 11. september og þessi sprengjuárás á neðanjarðar bílastæði World Trade Center - hér mynd frá febrúar 1993 - var mjög stórfelld. Á þeim tíma stærsta hryðjuverkaárás í sögu Bandaríkjanna! 700 slösuðust og bílastæðinu var gjörsamlega rústað. Ætlunin var að koma turnunum niður sem tókst að lokum árið 2001. Fólkið að baki þessarar sprengjuárásar áttu að vera Íslamistar.

Strax næsta ár eftir þetta birti Clinton fyrirætlun sína um þjóðaröryggi. Í fyrstu er þetta ekki svo óvenjulegt, í grunninn gerir það næstum hver einasti forseti og þar með gaf hann tóninn um hverjar áherslur hann vildi leggja. Ég vil koma með stutta tilvitnun úr henni vegna þess hve áhugaverð hún er. Clinton sagði: „Kalda stríðinu kann að vera lokið en þörfin fyrir bandaríska forystu erlendis er jafn sterk og áður. Það er mikilvægt fyrir mig að skapa nýja opinbera samstöðu til að viðhalda virkri þátttöku okkar erlendis.“

Þetta er svolítið tungutak þjálfara. Við könnumst kannski við þetta - virk þátttaka erlendis þýðir ekkert annað en hernaðaraðgerðir eða stríð erlendis. Þetta er bara fínna orð yfir það sama.

En það athyglisverða er að Clinton segir hér að við þurfum að byggja upp samstöðu eða að hann vilji skapa almenna samstöðu um að þeir geti áfram beitt hernum hvar sem er í heiminum. Það er að segja, þessi samstaða var ekki til á þeim tíma. Eins og ég sagði þá voru miklar umræður um þetta þarna. Fólk sagði: „Við viljum uppskera frið núna!“ Þetta voru einkunnarorðin. „Við viljum að allt þetta fé sem áratugum saman var lagt í stríðsrekstur- ætti nú að renna til okkar! Við viljum byggja upp eigið hagkerfi, samfélag okkar ætti að njóta góðs af og draga ætti úr þessum fjárlögum til varnarmála.“

Og á tíunda áratug síðustu aldar var það einnig dregið úr því að þrýstingur almennings var einfaldlega svo mikill. Þetta var '94.

Nú komum við að næsta ári 1995. Í mars 1995 - þetta er mynd af Joe Biden - núverandi forseta Bandaríkjanna. Á þeim tíma gegndi hann þegar mikilvægu hlutverki. Fyrir 25 árum var hann formaður dómsmálanefndar öldungadeildarinnar. Og hér - þetta er þessi upptaka - kynnti hann lög í öldungadeildinni.

Þessi lög áttu að veita forsetanum meiri völd ef um stórfellda hryðjuverkaárás væri að ræða og almennt veita stjórnvöldum meiri völd.

Á þessum tíma mættu þessi lög mjög mikilli andstöðu. Ef þú skoðar skjalasöfn dagblaðanna á þessum tíma - ég gerði það, þá sérðu hvernig rætt var á þeim tíma - þá sérðu að mjög áhrifamiklir borgaralegir réttindahópar fóru strax í baráttugír og sögðu: „Þetta gengur of langt. Við viljum engin sérstök völd fyrir forsetann, fyrir ríkisstjórnina. Öllu ætti að vera lýðræðislega stjórnað. Við viljum ekki þessi lög!“ Mikil andstaða!

Nokkrum vikum síðar í apríl '95, var gerð önnur stór hryðjuverkaárás á stjórnarbygginguna í Oklahoma og á þessum tímavarki – þetta var allt fyrir 11. september - var þetta stærsta og mannskæðasta hryðjuverkaárás í sögu Bandaríkjanna. 170 manns létu lífið í þessari árás, um 1000 særðust.

Þú sérð að tjónið er gífurlegt! Bílasprengja með tveim tonnum af sprengiefni, risavaxið tjón - og athygli almennings jókst til muna um efni hryðjuverka við þessa árás og varði mjög, mjög lengi.

Þessi árás á bygginguna í Oklahoma var í raun kennileiti, olli vatnaskilum, mjög afgerandi augnablik fyrir þá staðreynd hve ný hryðjuverkaógnin væri af nálinni og miklu alvarlegri. Öllu var framvegis tekið á allt annan hátt.

Já, þá var haldið áfram á þessari bylgju, það má segja að fyrir þessari bylgju hryðjuverkaógnarinnar væri virkilega sköpuð stemning.

Hérna er blaðgrein frá 1997. En hún var ekki skrifuð af blaðamönnum. Hún er skrifuð af stjórnáráðgjafum, nefnilega af James Woolsey fyrrum stjórnanda CIA og einum mjög háttsettum embættismanni í Pentagon.

Yfirskrift greinarinnar er: **Hvernig hægt er að verjast óvininum í skugganum.** Fyrsta setning greinarinnar vísar beint til árásanna sem ég var að minnst á. Sagt er að eyðilegging stjórnarbyggingarinnar í Oklahoma City og loftárásir World Trade Center í New York hafi valdið óhug Bandaríkjanna.

En - og nú kemur aðal punkturinn - þessar hörmungar hefðu verið miklu verri hefðu þeir notað kjarnorku-, sýkla- eða efnavopn! Síðar í greininni halda höfundar því fram að hættan á efna- og líffræðilegum vopnum í höndum hryðjuverkamanna væri mjög raunveruleg, af því stafaði mjög mikil hætta og menn yrðu að leggja mikið á sig til að verja sig gegn því. Þessi grein er aðeins eitt dæmi úr þessari fjölmiðlaherferð. Á þessum tíma hefur mikið verið birt á þennan hátt, í þessa átt.

Ég vil færa annað dæmi líka frá sama ári. Á blaðamannafundi lýsti William Cohen varnarmálaráðherra því yfir að væri efst á baugi: Efná- og sýklavopn eru „líklegur hluti af framtíðarhernaði.“ Hann fullyrðir. Með þessari kröfu réttlætir hann þá staðreynd að þeir vilji setja milljarð dollara til viðbótar á varnarmálin á næstu fimm árum.

Svo þú sérð að frá upphafi voru miklir peningar í húfi, mjög stór fjárveiting, sem hægt var að réttlæta með þeim.

Það má segja að William Cohen hafi komið fram á eftirtektaferðan hátt á pressunni þetta árið. Hann kom fram í morgunsjónvarpinu. Ekki svona einhvern veginn á sviðinu í Pentagon, heldur í dagskrá þar sem maður er ekki svo mikið að fjalla um stjórnáráð. Þar sat hann í morgunsjónvarpinu, hélt pakka af sykri fyrir framan myndavélina og sagði:

„Ef Saddam Hussein myndi úða þessu magni - jafn miklu magn og í þessum sykripakka – af Anthrax, það er miltisbrandur, yfir borg eins og Washington, væri að minnsta kosti helmingur íbúanna dauður. Bara einn andardráttur og þeir dæju líklega á fimm dögum.“ Kynnar morgunmatarsjónvarpsins voru orðlausir og þessi sjónvarpskýrsla setti mikinn svip á stutt vegna þess að þetta dæmi var svo harkalegt. Það er mjög ljóst að þú getur í raun ekki kallað þessa fullyrðingu neitt annað en að skapa ótta. Það eru mjög ógnvekjandi hræðsluáðferðir. Fólk er sannfært um að líf þeirra sé í bráðri hættu. Já, það var stemningin sem var byggð upp meira og meira á seinni hluta tíunda áratugarins. Það er önnur hliðin - ógnin við nýja hættu er útskýrð og rædd.

Á hinn bóginn er nákvæmlega þessi hættu, þessi vopn, þú býrð þessi vopn sjálfur til á sama tíma. Það er mjög áhugavert. Ég vissi það ekki áður heldur fann ég það aðeins hér sem hluta af rannsóknum mínum. Árið 1997 voru kynnt nokkur mjög umdeild vopnaverkefni í Bandaríkjunum.

CIA hafði verkefni sem kallast „Clear Vision“. Þar var gerð bakteríusprengrja. DIA sem er leynipjónusta Pentagon vann að „Project Jefferson“. Erfðabreyttu miltisbrandsafbrigði sem var þróað sem lífefnavopn. Og þessar rannsóknir voru gerðar í fullkominni leynd. Þar hafði þingið ekkert eftirlit né neitt. Það þekkti enginn á þeim tíma! Það varð opinbert í september 2001 í grein New York Times. Síðan boðaði Pentagon til blaðamannafundar og lýsti því yfir að þetta væri rannsókn „einungis til varnar“. Þetta er auðvitað algert rugl - ef þú ert að smíða lífefnavopn eru það ekki varnarrannsóknir. Á þessum tíma öðlaðist þessi maður líka frama: Robert Kadlec ofursti, sérfræðingur í lífefnavopnum.

Í Íraksstríðinu árið 1991 var hann bandaríski lífefnavopna-eftirlitsmaðurinn í Írak og eins og ég sagði einn helsti sérfræðingur um sýklavopn í Bandaríkjunum. Í stefnumótunarritgerð innahúss í Pentagon skrifaði hann um þetta efni árið 1998 - það er mjög áhugaverð tilvitnun sem kollegi minn Dirk Pohlmann vakti athygli mína á. Þetta er í raun mjög mikilvægt og ég les það upp stuttlega.

„Ef lífefnavopn eru notuð í skjóli landlægs takmarkaðs eða náttúrulegs faraldurs er hægt að neita notkun þeirra á trúverðugan hátt. (...) Möguleikinn á að valda verulegu efnahagslegu tjóni og þar af leiðandi pólitískum óstöðugleika ásamt möguleikanum á að geta afneitað notkun þess á trúverðugan hátt er meiri en möguleikar einhvers annars þekkts vopns.“ Það er '98. Og samhengi þar sem þessar setningar standa í blaðinu eru að Robert Kadlec varar við því að óvinir Bandaríkjanna geti notað slík vopn. Nákvæmlega í slíku samhengi. En ef þú lest blaðið vandlega er áberandi að setningin um hvernig þú getir afneitað notkuninni, birtist aftur og aftur - og það fær þig ögn til að sperra eyrun.

Á þessum tíma var stofnuð stofnun sem enn leikur stórt hlutverk í þessu efni í dag. Í dag er hún kölluð „Center for health security“, það er 'Miðstöð fyrir heilsuöryggi', með aðsetur við John Hopkins háskólann. Þú hefur kannski heyrt nafnið áður. Í samhengi við kórónukreppuna gegndi þessi stofnun stóru hlutverki því allar kórónutölurnar, frá upphafi síðan vorið 2020, eru kynntar þar í mælaborði og eru notaðar af fjölmiðlum um allan heim.

Þessi stofnun var stofnuð árið 1998. Á þeim tíma undir öðru nafni „Center for Civilian Biodefense Strategies“, þ.e 'Miðstöð fyrir borgaralegar rannsóknir á lífvörnum'. Það hafði samt hernaðarlegan hreim. Síðar er meiri áhersla lögð á heilsu í ímyndinni útávið. En það snérist í raun um það sama.

Þessi miðstöð hefur skipulagt nokkra mjög mikilvæga og nauðsynlega eftirlíkingarleiki um þetta efni. Æfingar, hörmungaræfingar, sem ég vil gera nánari grein fyrir hér á eftir. Það hófst árið 1999. Svo var stofnunin aðeins ársögmul, stofnuð með peningum auðgra milljarðastofnunar, Sloan Foundation sem inniheldur fé frá fyrrum yfirmanni „General Motors“ hópsins. Hann hefur verið dáiinn lengi en stjórnendur stofnana hans hafa ausið mörgum, mörgum milljónum í þennan Bioterra skipulagsleik.

Árið 1999 var fyrsta ráðstefnan sem var mjög stór atburður. Hundruð þátttakenda frá tíu löndum hittust í Arlington, við hlið höfuðborgarinnar, til að halda málþing um lýðheilsu og viðbrögð við hryðjuverkum. Hvernig tekst þú á við árás einhvers staðar? Hvað geturðu gert í því? Hvernig samræmum við okkur? Sem hluti af þessari ráðstefnu er þetta febrúar '99 - skipuleggjandinn Johns Hopkins Center for Civilian Biodefense Studies er hér aftur í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og ýmis vísindasamtök. Slík æfing fór fram í fyrsta skipti

sem hluti þessarar stóru ráðstefnu. Æfing sem æfði að hryðjuverkamenn hefðu dreift smitefni í Bandaríkjunum og að bólusóttarfaraldur brýst út í Bandaríkjunum með fjölda fórnarlamba - og hvernig skyldi brugðist við. Þú verður að ímynda þér skiplagsleikinn svona: fólk situr við ráðstefnuborðið í nokkrar klukkustundir í hlutverkaleik. Það gegnir ýmsum hlutverkum ríkisins og talar síðan saman eins og þeim bæri að tala saman í kreppu. Hvernig það myndi síðan halda símafund í raun og veru til að samræma viðbrögðin. Þessi ráðstefna er síðan spiluð út í gegn - hver segir hvað, hver þarf að ákveða hvað, hvar koma átök upp, hvar koma vandamál upp.

Í lokaskýrslu þessarar æfingar finnum við eftirfarandi setningar:

- „Hversu getur lögreglan gengið langt til að halda sjúklingum í sóttkví?“
- „Við þurfum samstöðu um hvernig bregðast eigi við bólusetningunum.“
- „Hefði orðið að setja á herlög?“
- „Við verðum að stjórna skilaboðunum sem fara til almennings og hvernig getum við stjórnað þessum skilaboðum?“

Allar þessar spurningar voru ræddar árið 1999 og þetta eru spurningar sem minna okkur auðvitað mjög á nútímann. Richard Clarke, þáverandi háttsettur ráðgjafi gegn hryðjuverkastarfsemi í Bandaríkjastjórn, sem hafði þá setið í embætti í eitt ár, talaði einnig á málþinginu. Hann sagði: „Í fyrsta skipti er heilbrigðisráðuneytið hluti af þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna.“ Svo þarna var raunverulega farin sú leið að breyta þessum heilsufarsspurningum í hernaðarlegar spurningar. Sama ár, 1999, hélt Pentagon áfram rannsóknum á lífefnavopnum.

Til varð svokallað „Bacchus“ verkefni. Þá var reist miltisbrandsverksmiðja í Nevada-eyðimörkinni með eftirfarandi markmiði. Pentagon sagði starfsmönnum sínum í viðeigandi deild: „Þróaðu litla miltisbrandsverksmiðju en aðeins úr efnum sem eru aðgengileg á markaði.“ Það tókst eftir nokkra mánuði. Það kom fyrst í ljós nokkrum árum síðar. Pentagon þróaði þessa miltisbrandsframléiðslu með tiltækum efnum, svo það gat - ef maður hleypir upp vondum hugsunum - framkvæmt slíka árás sjálf, til þess að skellt eftir sökinni á hryðjuverkamenn, vegna þess að allir íhlutirnir eru fánlegir í verslunum. Svona hættulegt var það. Svo þessi möguleiki, þessi geta var þróuð á þessum tíma. Það átti sér stað í herstöð í Nevada. Þetta er nú öll herstöðin. Þar voru áður kjarnorkuvopnatilraunir og á tíunda áratug síðustu aldar voru gerðar rannsóknir á lífefnavopnum af þessu tagi, langt frá siðmenningunni.

Allt í lagi, þá hélt þetta áfram stórum skrefum. Strax árið á eftir, árið 2000, var annað stóra málþingið frá sama skipuleggjanda, aftur um þetta efni. Eini munurinn – þá var ekki æfð bólusótt, heldur braust pestin út. En lífsefnahryðjuverk aftur! Þessi skjöl sem ég sýni þér, hér er frumleg vefsíða frá árinu 2000. Þú getur enn fundið hana í internetskjalasafninu og tilvitnanirnar sem ég sýni þér núna eru öll opinber skjöl. Þú getur fundið þau á netinu. Þetta eru engin leyndarmál. Enginn uppljóstrari eða neitt birti þetta. Þetta er allt opið efni.

Mig langar til að vitna í nokkur orð úr skjölum fyrir þessa æfingu árið 2000, þar sem segir: „Að sjá vopnaðan her í bandarískum borgum ögrar til mótmæla gegn skerðingu borgaralegra réttinda (...) Spurningin er hvernig og að hve miklu leyti við setjum þessa hluti í framkvæmd. Hversu miklu ofbeldi beitir þú til að halda fólki heima hjá sér?“

Þetta eru sumsé það sem háttsettir þátttakendur í þessum æfingum ræddu áþreifanlega, fyrir eins og ég sagði 20 árum. Á þeim tíma voru - margir muna það - mjög mikilvægar

forsetakosningar í Bandaríkjunum. Bush forseti yngri tók við embætti í janúar 2001. Hér við hliðina á honum er Dick Cheney varaforseti hans sem hafði mikil áhrif í þessari stjórn. Aðeins nokkrum mánuðum eftir vígslu þessara tveggja herra mána fól þriðja stóra lífefnahryðjuverkaæfingin fram á örskömmum tíma.

Hún var kölluð „Dark Winter“. Önnur bólusóttaræfing og þessi litríka netsíða er líka frumleg vefsíða þessarar miðstöðvar frá 2001. Þá voru vefsíðurnar aðeins litríkari, svolítið óskipulagðari. Þetta er raunverulega frá upprunalega internetskjallasafninu. Her segir einnig beinum orðum hvaðan peningarnir koma. Styrkt af Alfred P. Sloan Foundation og Robert Wood Johnson Foundation.

Það var alveg fyrir opnum tjöldum. Já og þessi æfing var sérhæfð. Fyrri æfingar fóru fram á hótélum, í ráðstefnusal, mjög einfaldar. Þessi æfing fór fram á herstöð. Andrews flugherstöðin er risastór herstöð rétt fyrir utan höfuðborgina Washington svo veldi alls málsins var aukið. „Dark Winter“ býður svolítið upp á tilfinningu um Hollywood kvikmynd. Svo það er næstum því eitthvað eins og markaðssett, þú getur næstum sagt fyrir þetta allt efni, unnið fyrir almenningssjónir. Allt þetta hefur einnig verið gert opinbert. Það var líka skrifað um það á sínum tíma. Þetta hefur ekki verið gert í reykfylltum bakherbergjum. Þú verður að skilja að þetta er raunverulega ætlað almenningi.

Lítum á hverjir tóku eiginlega þátt. Þetta er einnig úr upprunagögnum æfingarinnar. Ef þú þælir aðeins í þessum nöfnum, eða ef þú þælir aðeins í amerískum stjórnmálum á þessu tímabili, þá eru mörg nöfn kunnugleg og mjög áhrifamikil. Til dæmis höfum við hlutverk CIA leikstjóra, leikið af James Woolsey. En nokkrum árum fyrr var hann í raun forstjóri CIA. Eða ríkisstjórinn í Oklahoma, ríkisins sem varð fyrir þessari hræðilegu árás - Frank Keating. Hann var í raun ríkisstjóri Oklahoma þegar æfingin var gerð. Svo að hann lék það ekki bara, hann var það í raun. Að sama skapi eru önnur hlutverk einnig skipuð háttsettum mönnum. Þú getur virkilega sagt að þeir hafi æft neyðarástand hér á æðsta stigi. Þarna voru engir millistjórnendur úr ráðuneytum. Þessir hlutir voru ræddir í úrvalsdeildinni!

Hlutverk fjölmiðla er líka áberandi þegar þetta æfingarefni eru skoðað. Vegna þess að pressan var til staðar á þessum æfingum. Þeir voru innbyggðir í skipulagsleikana, þeir spiluðu með og ekki bara þeir litlu heldur þjóðþekktir blaðamenn. Til dæmis finnum við Judith Miller frá New York Times, þekktan blaðamann í þessu stóra blaði. Eða sjónvarpsfréttamann frá stóru netunum NBC CBS. Þeir voru þar.

Þetta er líka mynd beint frá æfingunni og þeir léku grundvallaratriðin á uppspunnum blaðamannafundi. Svo stjórnmálamennirnir léku líka - nú höfum við þetta neyðarástand, nú er bólusóttarárás á BNA - og fréttamennirnir halda síðan blaðamannafund og spyrja spurninga. Stjórnmálamennirnir eru nú þegar að æfa sig hvernig pressan bregst við því og hvað þeir segja síðan við pressuna. Það var líka æft, í mjög ríkum mæli og í hæstu valdastöðum.

Gott og vel, ýmislegt þurfti að læra, það tilheyrir slíkri æfingu, þess vegna eru þær haldnar og niðurstöðurnar voru þess eðlis að sagt var:

„Við erum illa undirbúin fyrir lífefnaárás, við höfum ónógt bóluefni - og ofbeldisfullar borgaralegar stýringar eru líklega einu verkfærin sem þjóðast þegar ekki er til nóg bóluefni. Svo við verðum að takmarka borgaraleg réttindi.“

Þetta er nú árið 2001. Robert Kadlec birtist aftur hér, sem við mættum áðan, sem skrifaði þetta hernaðaráætlun fyrir Pentagon og sagði að líka væri hægt að beita lífefnavopn í skjóli raunverulegs faraldurs og að maður gæti þá neitað því á trúverðugan hátt.

Þessi Robert Kadlec tekur þátt í þessari æfingu sem sérfræðingur í lífefnavopnum. Upptakan sem þú sérð hér er sjónvarpsþáttur frá þykjustu fréttastöð. Þú verður að ímynda þér að fólk

sitji þarna á þessari æfingu. Svo er stór sjónvarpsskjár og skáldaðar fréttir spilaðar en þær hafa verið sérstaklega fyrir fram teknar upp. Síðan þá kemur sérfræðingurinn Robert Kadlec fram og segir: „Vandamálið er að við höfum ekki nóg bóluufni og það þýðir að það gæti orðið mjög dimmur vetur í Ameríku - það þýðir að þetta gæti verið mjög dökkur vetur í Ameríku.“

Og það er líka yfirskrift æfingarinnar ‚Dimmur vetur‘. Og ef við lítum nú á hvað varð síðar um Robert Kadlec - nú í Kórónakrísunni árið 2020 - einn mikilvægasti ráðgjafi Bandaríkjastjórnar, er hér fyrir miðju skrifborði, við hliðina á honum er Mike Pence varaforseti í stjórn Trumps forseta. Í millitíðinni hefur Joe Biden verið lýstur forseti Bandaríkjanna og örfáum dögum eftir að helstu bandarísku sjónvarpsstöðvarnar lýstu yfir að hann væri forseti, sagði hann að Ameríku væri hótad ‚mjög dimmum vetri‘. Sömu orð, nákvæmlega sömu orðin. Þú getur nú tekið því sem tilviljun - auðvitað get ég ekki sannað að þetta tengist æfingunni. En sá grunur er mjög nálægur að þetta orðfæri hafi einnig verið yfirtekið úr þessari gömlu frumáætlun. Það er allavega hið sama.

Aftur til 2001. Í skjölunum um æfinguna stóð: „Bandaríkjamenn geta ekki lengur gengið að grundvallar borgaralegum réttindum eins og samkomufrelsi eða ferðafrelsi sem sjálfsögðum hlut.“ Svo þetta var þriðja æfingin á mjög stuttum tíma um efnið. Það var mjög fyrir opnum tjöldum og aðeins fáir ... það er núna í júní 2001.

Þá förum við núna yfir í september, það eru árásirnar 11. september og öllu varðandi hryðjuverk er ýtt upp á enn hærra stig. Nú er almenningur í heiminum virkilega með á nótunum, hryðjuverkaógnin er umfjöllunarefnið sem hefur stýrt og mótað alla stjórn málaumræðu í mörg ár.

Í september 2001, síðan október 2001, mánuði seinna, koma miltisbrandsbréfin. Bréf með þessu fína, hvíta dufti með miltisbrandi eru send með pósti. Til þessara tveggja stjórn málamanna Tom Daschle og Patrick Leahy. Tom Daschle var meirihlutaleiðtogi öldungadeildarinnar og Patrick Leahy var formaður dómsmálanefndar.

Það sem tengdi þarna þessa tvo stjórn málamenn var sú staðreynd að þeir voru báðir andstæðingar lagabreytinganna sem átti að samþykkja eftir 11. september 2001 - leitarorðið „Patriot Act“. Þær fólu í sér takmarkanir á borgaralegum réttindum, aukningu valds ríkisstjórnarinnar, aukning valds fyrir leyniþjónusturnar - allar þessar lagalegu ráðstafanir sem hafnar voru á þessum tíma - þeir voru á móti þeim.

Þeir tóku sér stöðu með borgaralegum réttindum og sögðu: „Við getum ekki leyft þessari útvíkkun valds að fara bara svona í gegn. Við verðum að ræða hvert tilvik fyrir sig, við verðum að vega það vandlega.“

Það var í þessum aðstæðum sem miltisbrandsbréfin tvö bárust og um það er enn deilt, það verður að segja. Í upphafi var sagt – þau koma frá bin Laden, þau koma frá Al Kaída, þau koma frá Írak. Ekkert slíkt var hægt að sanna. Að lokum var sagt að bréfin hefðu komið frá rugluðum vísindamanni úr eigin röðum bandarískra rannsókna á lífefnavopnum. Það var í raun ekki hægt að sanna. Margar mismunandi sögur eru á kreiki. Raunar eru gátan um þessar árásir enn óleyst.

En staðreyndin er sú að eftir að þessir tveir stjórn málamenn fengu þessi hótunarbréf - og þá þarf maður að átta sig á einu: Ef þú sendir bréf með eitruðu dufti til slíkra stjórn málamanna, þá er ljóst að ekki er verið að reyna drepa stjórn málamennina því þessir stjórn málamenn opna ekki póstinn sinn sjálfir. Auðvitað hafa þeir starfsmenn sem sinna þessu. Það þýðir að hver sá sem gerði þetta vildi ekki drepa þá báða því annars hefði öðrum aðferðum verið beitt, það átti að hóta þeim. Það átti að gefa þeim merki! Hér er dregin rauð

lína. Hver svo sem samdi þessi bréf vildi ógna og hræða báða þessa stjórnámálmenn. Og hvernig sem þeim þótti þetta veit ég ekki, en staðreyndin er að ótvírætt eftir móttöku bréfanna hættu þeir allri mótstöðu og lögin fengu samþykki.

Í kjölfar miltisbrandsbréfanna fylgdi mjög áhugaverður rökstuðningur. Skömmu seinna í nóvember 2001 voru stofnuð ný alþjóðasamtök að frumkvæði bandarískra stjórnvalda. Þau voru nefnd Global Health Security Initiative – „Alþjóðlega heilbrigðisöryggis framtakið“. Og stofnun þeirra var rökstuðningur með því að segja: Þessi miltisbrands-bréf – sem þá voru heitasta málið - þeim er hægt að beita hvar sem er. Öllum ríkistjórnnum stendur ógn af þeim. Írak eða Saddam Hussein eða Osama bin Laden gætu sent þetta baneitraða duft til einhverra þeirra. Við verðum nú að sameina krafta okkar, öll ríki alþjóðlega og starfa saman gegn þessu. Síðan var samtökin sett á laggirnar. Þátttökuríkin eru tilgreind hér með fánunum, hérna niðri.

Þannig að þetta eru Kanada, Evrópusambandið, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Japan, Mexíkó, Stóra-Bretland, Bandaríkin og WHO sem tæknilegur ráðgjafi. Stofnað í nóvember 2001. Þessi hópur er í grundvallaratriðum G8, þ.e. áhrifamestu iðnríkin á Vesturlöndum, auk Mexíkó og Evrópusambandsins sem aukaleikara. Upp frá því hittust þeirra æðsta fólk reglulega. Annað hvort heilbrigðisráðherrar ríkjanna persónulega eða mjög háttsettir varamenn þeirra og hafa tekið fyrir þemað lífefnahryðjuverk og samhæft sig.

Bara ári seinna var annað mjög mikilvægt skref tekið, árið 2002. Það kom í ljós að það er margt er mjög líkt með neyðaráætlun vegna lífefnavopnahryðjuverka og inflúensufaraldurs. Með öðrum orðum, frá og með árinu 2002 voru báðir þættirnir æfðir og undirbúnir. Þannig að það þurftir ekki endilega ógn hryðjuverkaárásar heldur var sagt: Nú jæja, svona vírus getur einfaldlega breiðst út ! Og það er alveg jafn hættulegt og við verðum að undirbúa okkur líka undir það.

Allt þetta viðfangsefni sem tekur fyrir undirbúning fyrir heimsfaraldur heitir á ensku „Pandemic Preparedness“, „Neyðarviðbúnaður gegn faraldri“. Hann hófst alþjóðlega árið 2002 hjá þessari stofnun. Stofnaður var tæknilegur vinnuhópur utan um inflúensu heimsfaraldur undir forystu Bandaríkjanna og Englands. Og þá hófust æfingar sem áttu sér ekki aðeins lengur stað í Bandaríkjunum heldur voru þær alþjóðlega samræmdar. Fyrsta æfingin var árið 2003, Global Mercury æfingin. Þetta er mynd úr skjölum æfingarinnar. Ég fékk hana af vefsíðu RKI. Og á þessari mynd getur þú séð leikmennina.

Hérna standa leikmennirnir:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Japan, Mexíkó, Stóra-Bretland, Bandaríkin, WHO, Kanada - þetta eru leikmennirnir. Og þar að ofan er einn leikstjóri og einn skipuleggjandi, sem skrifaði handritið að æfingunni og að neðan er einfaldlega leikið!

Þýskaland tók einnig þátt, fulltrúar frá RKI. Þetta var mjög flókin æfing sem tók nokkra daga. Hundruð manna tóku þátt og léku allt í þaula. Allnokkrar æfingar af þessu tagi voru haldnar á þessum tíma. Mjög mikilvæg var „Atlantic Storm“ sem haldin var árið 2005, mjög mikilvæg æfing. Við ræðupúlitið fyrir miðju er hér Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna – í þessari æfingu er hún í hlutverki forsetans!

Í skjölunum fyrir þessa æfingu getum við lesið: „Hvernig skyldu þjóðarleiðtogar ákvarða landamæralokun eða sóttkví? Ef grípa þarf til ráðstafana til að takmörkunarfærðafrelsis, hve lengi er hægt að viðhalda þeim? Hvernig væru þær samstilltar á alþjóðavettvangi og hvernig yrði ákvörðunin tekin að aflétta þeim?“

Einmitt í grunninn nákvæmlega þær spurningar sem eru um núna til umræðu um allan heim árið 2020, voru ræddar á þessari æfingu af fyllstu alvöru og af mjög háttsettu fólki. Ég skal sýna ykkur hverjir tóku þátt. Meðal annars tveir stjórnálamenn frá Frakklandi og Þýskalandi: Bernard Kouchner til vinstri og Werner Hoyer til hægri. Bernard Kouchner var fyrrverandi heilbrigðisráðherra Frakklands. Hann varð síðar utanríkisráðherra, sum sé hluti af ríkisstjórninni. Og þegar æfingin átti sér stað var rætt um hann sem næsta frambjóðanda til yfirmanns WHO. Þannig á þessum tíma var hann mjög mikilvæg manneskja á þessu sviði. Til hægri við hann ... ó já, hann fór með hlutverk Frakklandsforseta. Rétt hjá honum er Werner Hoyer, stjórnálamaður FDP sem var utanríkisráðherra. Hann gegndi hlutverki kanslara Þýskalands. Fólk frá öllum þessum löndum sat þarna saman við eitt borð og léku þetta til enda. Og þetta er einmitt fólkid sem hefur í raun borið ábyrgð í ríkisstjórnnum. Já, hann Werner Hoyer sagði eftir æfinguna: „Fyrir einhvern sem hefur unnið við öryggi og varni í mörg ár var þetta ansi óvænt og heillandi æfing. Ég held að aðeins mjög lítil minnihluti stjórnálamanna í Evrópu geri sér grein fyrir hlutum eins og þessum“.

O.k, nú hef ég kynnt fyrir ykkur allnokkrar þessara æfinga. Kannski áttið þið ykkur á hliðstæðunum. Þið þekkið kannski á mynstrinu um hvað þetta snýst. Í millitíðinni vil ég gera stóra samantekt:

Jú, um hvað snérist þetta? Auðvitað snerist þetta um heilbrigðisneyðarástand. Það snérist um vanda í ákvarðanatöku, um valdsvið: hver fær að ákveða hvað?, hver hefur æðsta ákvörðunarvald?

En það snérist ekki bara um þessa hluti. Þetta snérist líka um undantekningaástand, um afnám grunnréttinda, um fjöldabólusetningu og um forræðispólitík án þátttöku þingsins. Allar æfingarnar snérist einnig um þessi atriði. Mér finnst það mjög merkilegt, því rökrænt séð væri það ekki alveg nauðsynlegt. Ef þú ert að æfa viðbrögð við heimsfaraldri eða hryðjuverkaárás þarftu ekki sjálfkrafa að æfa afnám grundvallarréttinda. Það er ekki sjálfkrafa innifalið. En það var gert á þann hátt að sá grunur gæti læðst að áhorfanda að allar þessar æfingar hafi kannski verið yfirvarp til að geta prófað pólitískt undantekningaástand, geta tekið æfinguna í því maður bregst við skyldi slíkt gerast. Það er allavega mín persónulega skoðun.

Síðan kom fljótlega fjármálakreppan 2007/2008 og þemað heimsfaralduræfingar dvínuðu svolítið á alþjóðaleiksviðinu. Þegar fjármálakreppan brast á árið 2009 í hagkerfi heimsins kom svínaflensufaraldurinn fyrir horn – segi ég svona - og vorið 2009 þegar þessi svínaflensusaga hófst og enginn vissi í raun hvað yrði úr henni þá steig þessi heiðursmaður fram og tjáði sig um þetta.

Þetta er Jacques Attali, ekki þekjja hann allir - en hann er mjög þekktur í Frakklandi og er ráðgjafi forsetans. Hann var lengi mjög mikilvægur ráðgjafi François Mitterrand forseta - hann undirbjó G8 fundina fyrir Mitterrand sem svokallaður Sherpa, þar að segja einhver sem hefur verið lengi mjög nálægt völdum. Ráðgefandi elftunnar í Frakklandi og einnig einhver sem til dæmis, eins og ég komst að í Frankfurter Allgemeine-, hjálpaði forsetum – eins núverandi Emmanuel Macron forseta - að komast til valda. Hann segist sjálfur hafa uppgötvað Macron. Og það er tiltölulega trúverðugt þegar þú skoðar hversu vel Jacques Attali er tengdur inn í frönsku elítuna.

Í byrjun árs 2009 sagði hann í blaðagrein sem enn er aðgengileg – þá um svínaflensuna: „Sagan kennir okkur að mannkynið getur bara þróast marktækt þegar það er virkilega

óttaslegið (...) Farsóttirnar sem eru að breyta á geta leyst út þennan uppbyggilega ótta. (...) Þá verðum við miklu fljótari að leggja grundvöll að alvöru alheimsríkisstjórn en nokkurn tímann væri mögulegt á efnahagslegum grundvelli einvörðungu.“

Ég skal ekki tjá mig frekar um þetta, þetta eru einfaldlega yfirlýsingar hans frá þeim tíma. Mér finnst þetta mjög merkilegt! Að jafnaði er vísað til slíkra yfirlýsinga með stimplinum 'samsæriskenning' en þessi er raunveruleg. Þetta er raunveruleg yfirlýsing frá mjög áhrifamiklum manni. Og hann sagði þetta árið 2009.

Um svipað leyti ári síðar, 2010 var rannsókn birt í Bandaríkjunum sem fer líka svolítið í þessa átt: Hin svonefnda „Lock Step“ svipsmynd er hluti af þessari rannsókn. Ég kynni hana stuttlega svo þú vitir ögn um hvað hún snýst. Rannsóknin sjálf er þessi. Þetta er titillinn: „Sviðsmyndir fyrir framtíðartækni og alþjóðlega þróun.“

Það hljómar svolítið óspennandi. Skrifræðislegur titill, óáhugaverður. Þú býst ekki við að uppgötva einhverjar nýjungar svona við fyrstu sýn. Rannsóknin var þróuð með peningum frá Rockefeller Foundation, merkið þeirra er sýnt hér að neðan. Rockefeller stofnunin er ein öflugasta og ríkasta stofnun heims. Nafnið má rekja til stofnandans. David Rockefeller var í raun ríkasti maður heims fyrir hundrað árum. Stofnunin hefur enn í dag mikil áhrif á mörgum sviðum. Og þessi rannsókn frá 2010 lyfti í grundvallaratriðum þemanu 'skipulagsleikir' upp á nýjar hæðir.

Það var ekki lengur einhvern veginn sagt hvað myndi gerast ef þetta gerðist, þegar þetta gerðist, heldur voru þróaðar fjórar alheims framtíðar atburðarásir: Í hvaða áttir heimurinn gæti þróast á næstu árum, almennt séð. Fjórar áttir voru skilgreindar. Og einn af þessum möguleikum sem dregin voru upp, bara til að líta aðeins út fyrir kassann, eins og þeir segja í stjórnunargeiranum, svo maður líti ögn út fyrir túngarðinn - ein af þessum áttum var kölluð „Lock Step“, sem þýðir 'samstíga', 'gengið í takt'.

Í þessari atburðarás sem skrifuð var fyrir 10 árum gerast eftirfarandi hlutir:

- inflúensu heimsfaraldur breiðist út um allan heim og veldur ótta á heimsvísu
- í þessum ótta verður Kína að fyrirmynd með framgangi sínum í takmörkunum
- grímuskylda verður komið á um allan heim
- forræðislegu eftirliti er beitt sem mun haldast eftir að heimsfaraldri lýkur
- borgarar afsala sér frelsi sínu fúslega
- og breið mótstaða myndast fyrst rúmum tíu ár síðar

Þetta er atburðarásin frá 2010. Það er mjög skrýtið að lesa þetta núna árið 2020 og það er sá veruleiki sem við upplifum núna. Ef þú lest rannsóknina þá finnur þú þar hvernig markmiðin eruð orðuð: „að koma af stað nýrri stefnumótandi umræðu meðal þeirra sem koma að ákvörðunartökum“. Við vitum ekki, eða ég veit ekki hver talaði við hvern um þessa atburðarás á þeim tíma, í hvaða hópum hún var til umfjöllunar. Það er erfitt að segja til um það, ég hef ekki nein gögn um það, en þau eru til, rannsóknin er aðgengileg og hún var fjármögnuð með peningum frá mjög völdugri stofnun. Svo má gera ráð fyrir að sumt áhrifafólk hafi þá lesið rannsóknina.

Allt þetta þema um neyðaræfingar, heimsfaraldursæfingar tók nýja stefnu árið 2017. Hvað gerðist 2017? Það kom nýr forseti í Bandaríkjunum: Donald Trump. Og ég setti það í samhengi hér vegna þess að mér virðist þessi tenging vera mjög augljós. Svo í janúar 2017

er Trump settur í embætti - hér mynd í Oval office Hvíta húsinu, skrifborð forsetans fyrir miðju, til vinstri Barack Obama, fráfarandi forseti sem sýnir Donald Trump í fyrsta skiptið Oval Office. Já, allir muna eftir þessu. Það var raunverulega áfall í fjölmiðlum um allan heim. Trump er forseti, hvernig getur það verið? Enginn spáði fyrir um það. Allir héldu það ómögulegt að eitthvað svona gæti gerst, að svona utanaðkomandi - svona svakalegar yfirlýsingar, einhverjum sem er alveg sama hvað meginstraumurinn segir - að einhver slíkur verði forseti, sendi höggbylgjur um allan heim.

Svo eru þessar stóru alþjóðlegu ráðstefnur sem fara fram árlega: í Davos í janúar. Öryggisráðstefnan í München í febrúar og árið 2017 var í raun ekkert talað um annað á þessum ráðstefnum en nýja forseta Bandaríkjanna. Hvað þýðir það núna fyrir heimskerfið, fyrir alþjóðaviðskiptin, fyrir fjármálakerfið, fyrir alþjóðlegan ríkiserindrekstur? Getur þetta yfirhöfuð haldið svona áfram?

John McCain kom fram á öryggisráðstefnunni í München í febrúar 2017 og hann sagði: „Ég neita að samþykkja fall heimsskipulags okkar.“ John McCain var þá ennþá á lífi. Hann var einn af hernaðarsinum og harðlínumönnunum í Bandaríkjunum með mikil áhrif í alþjóðlegum ríkiserindrekstri og ræðu hans var mjög vel tekið á þessari ráðstefnu þar sem her og stjórnarindrekar hins vestræna heims og NATO hittast ár hvert. Og ef þú skoðar skjölin aftur, skoðar greinarnar frá þessum tíma ráðstefnunnar þá kemur í ljós að margt stóð raunverulega tæpt á þessum tíma og þessir elítuhópar höfðu miklar áhyggjur af því hvort NATO í þessari mynd gæti yfirhöfuð haldið höfði, hvort það liðaðist í sundur, hvort það félli vegna Trump ... hvort það fuðraði upp. Og í þessu samhengi var þessi setning sögð. McCain segir: „Ég neita að sætta mig við fall heimsskipulags okkar.“ Undir dynjandi lófaklappi frá kollegum í hinum vestræna heimi.

Daginn eftir, á sömu ráðstefnu heldur Bill Gates einnig ræðu og segir: „Við hunsum tengslin milli heilbrigðisöryggis og alþjóðlegs öryggis á eigin ábyrgð,“ og hann segir: „Lífefnavopnaárás er að koma, það er bara spurning um tíma. Við verðum að vera viðbúin því. Við verðum að undirbúa okkur undir faraldra eins og herinn sig undir stríð.“ Og strax á eftir er aftur farið á fulla ferð með þessar alþjóðlegu heimsfaraldurs æfingar.

Æfingaraturðirnir eru endurræstir. Við erum núna í maí árið 2017. Í Berlín mun í fyrsta skipti í sögunni eiga sér stað fundur heilbrigðisráðherra G20. G20 eru 20 ríkustu og öflugustu iðnríki heims, svo Kína, Indland og Brasilía eru þarna líka og að auki öll iðnríki Evrópu. Og í fyrsta skipti hittust heilbrigðisráðherrarnir hér sérstaklega til að takast á við þessa hættu, einmitt um lífefna hryðjuverka ógnina - þessa heimsfaraldurs hættu -, til að takast saman á við hana og undirbúa sig. Og þá átti sér stað mikil heimsfaraldursæfing í Berlín í maí 2017. Við sjáum alla heilbrigðisráðherrana hér í fyrstu röðinni. Hér var Hermann Gröhe, forveri Jens Spahn, heilbrigðisráðherra Þýskalands. Við hlið hans eru samstarfsmenn hans frá Kína, Bandaríkjunum, Brasilíu, Kanada, Ástralíu - allir sitja hlið við hlið. Og fyrir framan þá birtist heimsfaraldur sviðsmynd á skjánum: Hvað gerist þegar ný veira dreifist og hvað getum við gert saman? Veiran á þessum tíma var ekki kölluð SARS, hún var kölluð „Mountain Associated Respiratory Syndrome (MARS)“. Þannig að þetta er uppdiktuð veira sem samkvæmt handritinu kemur greinilega frá fjöllum.

Ef maður rýnir aðeins betur í þessa mynd þá er það kannski svolítið skýrt hvers vegna í dag - mitt í þessari krísu, ganga flest eða öll lönd fram á mjög samræmdan hátt og allstaðar gerist það sama. Jú, vegna þess að allt þetta fólk í ábyrgðastöðum fékk sömu leiðbeiningarnar í

tímanum fyrir krísuna, fengu sömu uppskriftir þess sem þarf að setja í framkvæmd. Þeir urðu samstilltir með öllu þessu æfingarferli. Þannig lítur allavega þannig út.

Við höldum okkur enn á árinu 2017, núna í ágúst. Og í þessum mánuði kynnir Herrmann Gröhe heilbrigðisráðherra sérfræðiteymi. Alþjóðlegt ráðgjafateymi sem á að vera ráðgefandi fyrir þýskra heilbrigðisstefnu með allan heiminn í huga - það er, Þýskaland ætti að skapa alþjóðlega heilbrigðisstefnu, ætti að hafa þar forystu. Og þessar dómur og herrar eiga að ráðleggja stjórnvöldum hvað þetta varðar.

Auðvitað vekur þessi í miðjunni strax athygli okkar, við þekkjum hann öll: Christian Drosten er meðlimur þessa sérfræðiteymis. Til vinstri við hann Ilona Kickbusch, fræðimaður frá Þýskalandi sem hefur gert mikið af rannsóknum um heimsfaraldur o.s.frv. og gegndi hlutverki hjá WHO.

Síðan hér: Jörg Hacker. Þetta er fyrrverandi forseti RKI (Robert Koch Institute). Hér er kona frá Afríku, svæðisstjóri WHO fyrir Afríku. En frá mínu sjónarhorni eru mennirnir lengst til vinstri og hægri mikilvægastir. Vegna þess að þeir leika í allt annarri deild, ef maður horfir þannig á þetta.

Við höfum Jeremy Farrar frá Wellcome Trust vinstra megin sem er bresk stofnun með 25 milljarða dollara ráðstöfunarfé. Þetta er ótrúlega áhrifamikil heilbrigðisþólitísk stofnun. Svo hvað fjármagn varðar eru þeir áhrifameiri en Rockefeller stofnunin eða George Soros stofnunin. Þeir hafa sumsé meiri auraráð og hann er einstaklega vel tengdur í stjórnámum alþjóðlegra heilbrigðismála.

Lengst til hægri, þetta er Christopher Elias frá Gates Foundation. Og Gates Foundation er nú enn stærri, þeir hafa ekki 25 milljarða, þeir hafa 50 milljarða. Og eru enn betur tengdir og gegna leiðandi hlutverki í alþjóðlegri heilbrigðisstefnu í heiminum, má örugglega segja ýkjulaust.

Frá árinu 2017 verða báðir þessir herrar ráðgjafar þýsku stjórnarinnar, sitja við sama borð og Christian Drosten og heilbrigðisráðherrann. Maður skyldi kannast við þá.

Jæja, yfir á næsta ár. Árið 2018 er önnur stór efnavopnaæfing í USA. Að þessu sinni ekki alþjóðleg æfing. Hér við þetta ráðstefnuborð í Washington sitja fulltrúar þjóðaröryggisráðsins. Sumsé fólk- stjórnámamenn, embættismenn, mikilvægt fólk í háum stöðum. Þau leika að þau séu nú þjóðaröryggisráð og að það sé efnavopnaárás og þau verði að bregðast við. Þetta er áhugavert út frá mismunandi sjónarhornum. Hér í miðjunni sjáum við myndband frá sjónvarpsstöð. Þetta er fyrir fram framleiddur sjónvarpsþáttur. Konurnar tvær sem tala saman eru þekktir þáttastjórnendur í Bandaríkjunum. Ef þetta væri í Þýskalandi, þá væri þetta eins og Sandra Maischberger og Maybrit Illner væru að ræða um efnavopnaárásina og fólknið þarna bregst síðan við þeim. Leitast hefur verið við að gera það eins raunverulegt og hægt sé svo að fólknið sem situr við borðið hafi virkilega á tilfinningunni að allt sé raunverulegt. Þetta hefur kostað mikla fyrirhöfn.

Þessi æfing gekk út á hvernig tilbúinn háttsettur, elítu-sértrúarhópur átti að hafa þróað andstygglegan vírus í rannsóknarstofu í Zürich og dreift honum síðan út um allan heim. Heimsfaraldur brýst út og sagt er að þessi hópur vilji að fækka jarðarbúum. Svona virkilega djöfullegt markmið. Þetta er sumsé atburðarásin fyrir þessa „Clade X“ æfingu, aftur

skipulögð af „Center for Health Security“ sem skipulagði líka allar hinar æfingarnar árin á undan.

Til hægri er Tom Daschle. Við sáum hann hérna áðan: Einn af viðtakendum miltisbrandsbréfanna. Í millitíðinni starfaði hann innan þrýstihóps fyrir heilbrigðisfyrirtæki. Og hér tók hann þátt í æfingunni. Tara O'Toole sem er sérfræðingur í lífefnavernd situr vinstra megin við hann og hefur skrifað mörg handrit fyrir þessar æfingar. Hún t.d. skrifaði handritið fyrir æfinguna „Dark Winter“. Hún er líka hér við borðið. Hún gegndi síðar mikilvægu hlutverki í stjórnkerfinu og já, hún er reyndar lykilmáður í allri þessari senu.

Svo nú erum við mjög nálægt nútíðinni. Og áður en ég segi þér eitthvað frá síðustu æfingunni „Event 201“ - í október 2019, langar mig að tendra í allt annarri púðurtunnu því ég held að hún eigi heima í þessu samhengi. Og spyrja í því samhengi spurningarinnar: af hverju byrjaði þessi heimsfaraldur í janúar 2020? Auðvitað er hægt að segja: jú, þá braust veiran út. Ef við höldum okkur við opinberu yfirlýsinguna hóf hún þá göngu sína. Þetta gerðist bara svona fyrir tilviljun. Ef geri maður nú ráð fyrir að þetta hafi ekki gerst fyrir tilviljun heldur hafi verið stýrt af ákveðnum öflum, sem hugarleik, þá er kannski ekki minna áhugavert að hafa á hreinu hvað gerðist í september 2019. Það var mjög stór skjálfti í kauphöllunum. Ég fékk nánast ekkert veður af því, tók aðeins eftir lítilli frétt en fylgdi henni ekkert eftir. Ég skoðað ég þetta betur núna fyrir þennan fyrirlestur. Eins og ég sagði í upphafi, ég hef ekki ennþá tekið þetta fyrir í bókum mínum.

Til þess að sýna hvað raunverulega gerðist þarna vil ég sýna ykkur stutta blaðgrein sem tekur þetta mjög vel saman. Það er grein úr „Die Zeit“. Hún birtist í október 2019 og þar segir: „Skammhlaup í fjármálakerfinu. Seðlabanki Bandaríkjanna vill koma í veg fyrir allsherjar bilun á peningamarkaði með milljörðum dala. Hversu alvarlegt er ástandið?“ Ég skal lesa fyrir þig mikilvægustu upplýsingarnar úr greininni svo þú skiljir ástandið: „Kreppan kom yfir nótt. Skortur á reiðufé ógnaði bönkum. Seðlabankamenn dældu hundruðum milljarða dala inn á peningamarkaðinn til að hindra það versta. Þetta hljómar allt eins og hápunktur alþjóðlegu fjármálakreppunnar fyrir ellefu árum - en er í raun lýsing frá mánudaginum í síðustu viku.“

Sumsé september 2019. „Þarna var mikilvægasti hluti alþjóðlega fjármálakerfisins á barmi hruns og almenningur tók ekki eftir neinu.“ „Aðfarnótt 17. september hækkuðu ákveðnir vextir (...) fyrirvaralaust: vextirnir fyrir banka sem vilja fá eitthvað lánað með stuttum fyrirvara. Venjulega er bönkum þar útvegað reiðufé á um það bil tvö prósent vöxtum (...) En allt í einu bar reiðufé þar tíu prósent vexti. (...) Síðast þegar seðlabankamenn þurftu að grípa inn í repo markaðinn — en svo er þessi markaður kallaður - var eftir hrun fjárfestingarbankans Lehman Brothers árið 2008. Ójafnvægi fjárfestingarbankans olli neyðarástandi í þessum hluta fjármálakerfisins, sem leiddi næstum því til hruns í heimshagkerfinu.“

Mér fannst þetta mjög áhugavert og finnst það enn og ég reyndi að sannreyna þetta og fara yfir tölurnar. Ég fór á vefsíðu Seðlabanka Bandaríkjanna. Og þar er að finna eftirfarandi mynd.

Ykkur sem eru ekki mjög kunnug fjármálum og tölum, látið ykkur ekki bregða, þessi mynd er engin galdraverk. Ekki eins flókin og hún lítur út við fyrstu sýn. Ég skal reyna að útskýra hana stuttlega:

Myndin sýnir „balance sheet“, efnahagsreikning seðlabankans. Þú gætir þýtt það svona: Grafið sýnir hversu mikið fé Seðlabankinn fjárfestir í bandaríska hagkerfinu. Sumsé hversu

mörg ríkisskuldabréf hann kaupir, hve mörg fyrirtækjaskuldabréf hann kaupir. Þetta þýðir að Seðlabankinn býr til peninga, kemur þeim á markaðinn til að veða upp á móti þeirri staðreynd að bankarnir lána ekki lengur peninga því þeir hafa tapað trausti. Það er það sem gerist. Maður getur á einföldu máli kallað þetta hitaferil bandaríska hagkerfisins. Það er virkilega staðreyndin. Við byrjum frá vinstri. Fyrir fjármálakreppuna 2008 var efnahagsreikningur bandaríska seðlabankans u.þ.b. 1 billjón dollara eða 1.000 milljarðar. Þetta tvöfaldaðist á nokkrum vikum haustið 2008. Já, af hverju tvöfaldaðist það? Vegna þess að bankarnir hættu að lána hver öðrum peninga. Traustið var horfið. Og þar þurfti Seðlabankinn að grípa inn í ella hefði kerfið hrundið. Sem er það sem gerðist.

Það sem athyglisvert er að ekki var dregið úr heldur var sama staðli viðhaldið næstu árin. Árið 2010, 2011 var bætt í. 12,13,14, það var bætt í enn frekar. Svo var kyrrstaða frá 2015 til loka árs 2017. Kyrrstaða á mjög stórra bólu, fjórum billjónum, fjórum sinnum stærri en fyrir kreppu. Ef þú horfir á þetta í dag úr svolítilli fjarlægð þá sérðu; þessi bóla var gríðarleg. Það er augljóst að það er ekki hægt að viðhalda svona bólu að eilífu. Einhvern tíma verður þú að hleypa loftinu út eða hún springur. Og það er nákvæmlega það sem Seðlabanki Bandaríkjanna reyndi að gera í lok árs 2017. Hann hefur ákveðið að hleypa loftinu úr blöðrunni hægt og markvisst. Selja eignir og eyða þannig peningum úr kerfinu. Og þetta gekk vel í tvö ár. Frá lokum 2017 til loka árs 2019 – og við stækkum þetta aðeins – hérna sést þetta aftur. Hversu stöðugt þetta er mánuð eftir mánuð. Seðlabankinn er að reyna að losa um loftbóluna. Og markaðirnir tóku þátt. Fjárfestarnir sættu sig við þetta.

Og í september 2019 gerist eitthvað. Ég veit ekki hvað, ég get ekki sagt til um það. En staðreyndin er: Traustið á þessum fjármálamarkaði, þessum „repo-markaði“, hrundi í september 2019. Það leiddi til þess að Seðlabankinn þurfti að breyta um stefnu. Hann varð alveg að snúa frá því sem hann hafði gert í tvö ár. Hann varð aftur að kaupa. Sem var áfall fyrir bankann. Og þú sérð að þessi aukning hér hefur ekkert með Covid að gera. Þetta er í janúar 2020, aukningin í skugga Covid er í mars. En þessi hér er í október, nóvember, desember 2019 og hefur ekkert með kórónukrísuna að gera. En það er sama hreyfingin sem bara eykst enn frekar seinna. Ef maður tekur þetta ... nei ... Fyrst langar mig til að sýna ykkur skýrslu frá janúar 2020.

Áður en Covid komst svona mikið í fjölmiðlana - frá 16. janúar. Norbert Häring blaðamaður þýska Handelsblatt skrifaði grein um þessa aukningu. Og þar skrifar hann: „FED réttlætti inngrip sitt - ekki mjög sannfærandi - með tímabundinni eigin reiknivillu (...). Undir engum kringumstæðum skal maður komast að þeirri niðurstöðu að bankarnir treysti ekki lengur hver öðrum. Þessi meinta reiknivilla er greinilega nokkuð viðvarandi. Fjórum mánuðum seinna eru neyðarlánin (...) enn í óheftum hæðum og enginn endir í sjónmáli. FED heldur nöfnum viðtakenda lánanna leyndum svo að þeir fái ekki það orðspor að vera í þörf. (...) Kannski er uppsveifla fjármálamarkaðarins knúin fram af seðlabönkunum í lokafasa fyrir hrun.“

Ég vil setja þetta í stærra tíma samhengi. Ég valdi línurit yfir heildareignir Seðlabankans sem ná ekki aðeins 10 ár aftur í tímann heldur 100 ár. Svona lengi hefur þessi banki verið til. Það er þessi kúrfa. Í grundvallaratriðum geturðu séð hversu mikið Seðlabankinn tekur þátt í bandaríska hagkerfinu. Og við sjáum, þetta er fjármálakreppan 2008. Síðast þegar hún hafði þetta umfang var í kreppunni miklu árið 1930. Gildin fram til seinni heimsstyrjaldar eru lækkuð hægt og rólega eftir heimsstyrjöldina. Á þessu stigi, af þessum alvarleika, erum við

stödd í fjármálakreppunni 2008 og einnig í kreppunni sem braust út aftur í september 2019. Það er sú vídd sem við erum stödd í hvað fjármál varðar.

Næsta æfing fór fram í október 2019: 'Event 201'. Þetta er staðurinn, hótelið, þar sem þessi æfing fór fram. Þetta er lúxushótel á Manhattan við 5th Avenue sem við sjáum hér. Þarna er Central Park. Ef þú gengur aðeins lengur niður götuna kemur Trump Tower. Svo þetta er dýrasta gatan á Manhattan. Og þetta hótél opnaði árið 1930 mitt í efnahagskreppunni með peningum frá stóru Wall Street bönkunum. Og arkitektúr þessarar efstu hæðar er byggður á hallarkapellunni í Versölum, sumsé barokk glæsibygging Loðvíks 14. Bankamennirnir í Wall Street sem fjármögnuðu hana vildu gjarnan búa í þessum íburði.

Þeir upplifðu sig sjálfa svolítið líka þar. Hótelið er þarna enn í dag. Og nákvæmlega þarna, í New York miðri fór þessi æfing 'Event 201' fram þar sem Covid heimsfaraldurinn var virkilega æfður.

Ég vil stuttlega segja frá hverjir sitja hér við borð svo þið fáið að sjá hverjir æfðu hér: Þetta er stjórnandi frá Center for Health Security við hliðina á honum er Christopher Elias. Þennan höfðum við líka áðan hann er frá Bill Gates Foundation og var ráðgjafi þýsku ríkisstjórnarinnar eins og við lærðum um áðan. Hægra megin við hann er yfirmaður bandarísku faraldurfræðistofnunarinnar.

Þetta er yfirmaður kínversku faraldurfræðistofnunarinnar. Þeir tóku einnig þátt í þessari æfingu. Þetta er varaforseti Johnson & Johnson stærsta lyfjafyrirtækis heims á markaðsvirði. Þetta er fyrrverandi varaforseti CIA, hún var líka í þessum hópi. Og herramaðurinn hérna uppi er forseti PR-auglýsingastofunnar Edelman. Hún er stærsta almenningstengsla auglýsingastofa í heimi. Á þessari ráðstefnu meðan á þessari æfingu stóð var, eins og ég hef sagt, faraldur leikinn líka með almannatengsl í huga. Í skjölunum fyrir þessa æfingu stendur: „Ríkisstjórnir þurfa að vinna með fjölmiðlafyrirtækjum til að rannsaka og þróa betri aðferðir til að takast á við falsfréttir.

Að auki þarf að þróa getuna til yfirflæða fjölmiðla af hröðum, nákvæmum og stöðugum upplýsingum. (...) Fjölmiðlafyrirtæki ættu fyrir sitt leyti að skuldbinda sig til að tryggja að orðsendingar hins opinbera séu hafðar í fyrrúmi og að fölsk skilaboð séu bæld, einnig með hjálp tækninnar.“

Og það er í raun einmitt það sem er að gerast núna. Hér er önnur mynd frá þessari ráðstefnu. Við sjáum skipuleggjandann hér, Anita Cicero sem er forstöðumaður Center for Health Security. Hún er lögfræðingur.

Áður en hún starfaði þar var hún hjá stórrí lögmannsstofu sem lobbýisti fyrir lyfjaiðnaðinn. Hún hafði þrjú hundruð lögfræðinga undir sér og meðal viðmælenda hennar voru fulltrúar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, voru stjórnáamenn frá bandarísku öldungadeildinni sem hún færði upplýsingar um hagsmuni lyfjaiðnaðarins áður en hún varð síðan aðstoðarframkvæmdastjóri þessarar stofnunar og skipulagði æfing af þessu tagi.

Það sem mér finnst mjög áhugavert er framsetningin efst til vinstri á myndinni, þar sem þú sérð bara hvernig þessi uppdiktaða og leikna krísa er uppsett. Hér er hægt að sjá grafík með fjöldi tilfella og hvernig þau þróast. Þú getur séð hvaða lönd hafa orðið illa úti og hægt er að sjá hvernig hlutabréfamarkaðsverð er að þróast á sama tíma, hversu mörg dauðsföll eru, með spám fram í næstu mánuði. Það er nákvæmlega sama tegund kynningar sem við fáum í kórónukrísunni frá Johns Hopkins háskólanum, sem notuð var á þessari æfingu og sem við fáum einnig frá þessari stofnun í öllum fjölmiðlum.

Þessi mjög svo myndræna framsetning talanna er nákvæmlega sá veruleiki sem blasir við okkur núna. Og fyrirhugaðar takmarkanir af hálfu samfélagsmiðla o.fl. og að YouTube og Google og stórfyrirtækin ættu að grípa inn í takmarkandi hátt. Jafnvel það sem var skipulagt hér er núna veruleiki um þessar mundir og ég held að allar þessar upplýsingar sem settar eru saman séu mikilvægur bakgrunnur til að mynda sér skoðun á því sem raunverulega er að gerast hér um þessar mundir.

Takk fyrir athyglina.

eftir F.

Heimildir:

https://www.youtube.com/watch?v=SSnjhHOU_28

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-is

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.